

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/2/EB

2003/EES/57/09

frá 28. janúar 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fôðurs og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/357/EBE (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, og með hliðsjón af sameiginlega textanum sem sáttanefndin samþykkti 20. nóvember 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 79/373/EBE ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi dreifingu fôðurblandna innan bandalagsins.
- 2) Tilgangurinn með tilskipun 79/373/EBE, að því er varðar merkingar, er að tryggja að búfjárræktendur séu upplýstir um samsetningu og notkun fôðurs á hlutlægan hátt og eins nákvæmlega og unnt er.
- 3) Til þessa hefur tilskipun 79/373/EBE boðið upp á sveigjanlegt fyrirkomulag á merkingum sem takmarkast við að tilgreina fôðurefni, án þess að magn þeirra í fôðri fyrir búfé sé tilgreint, og einnig að mögulegt sé að tilgreina flokka fôðurefna í stað þess að tilgreina fôðurefnin sjálf.
- 4) Engu að síður hefur hættuástand, sem skapaðist af völdum kúariðu (heilahrönnunar í nautgripum) og nýverið af völdum díoxíns, leitt í ljós vankanta á núverandi ákvæðum og nauðsyn á nákvæmari upplýsingum um efnislega og magnbundna samsetningu fôðurblandna fyrir búfé.
- 5) Nákvæmar upplýsingar um magn kunna að hjálpa til við að tryggja að hægt sé að rekja fôðurefni, sem hugsanlega eru menguð, til ákveðinna framleiðslulotna en það hefur jákvæð áhrif á almannaheilbrigði og kemur í veg fyrir að afurðum, sem almannaheilbrigði stafar ekki veruleg hættu af, sé eytt.
- 6) Í samræmi við þetta er viðeigandi á þessu stigi að fyrirskipa skyldubundna tilgreiningu á öllum fôður-

efnum, svo og magni þeirra í fôðurblandnum fyrir búfé.

- 7) Af hagkvæmnisástæðum er við hæfi að tilgreina fôðurefni í fôðurblandnum fyrir búfé á sérstökum merkimiða eða á fylgiskjali.
- 8) Í ákveðnum tilvikum er tilgreining efna í fôðri mikilvægar upplýsingar fyrir búfjárræktendur. Því er við hæfi að sá einstaklingur, sem ber ábyrgð á merkingunni, leggi, að beiðni viðskiptavinar, fram ítarlega skrá yfir öll fôðurefni, sem notuð eru, og nákvæman hundraðshluta hvers efnis, miðað við þyngd.
- 9) Einnig er mikilvægt að séð verði til þess að hægt verði að sannprófa nákvæmni upplýsinganna á öllum stigum dreifingar fôðursins með opinberu eftirliti. Því er við hæfi að lögbær yfirvöld vakti, í samræmi við tilskipun ráðsins 95/53/EB frá 25. október 1995 um setningu meginreglna um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu ⁽⁵⁾, nákvæmni upplýsinganna sem gefnar eru í merkingum fôðurblandna og, í því skyni að tryggja skilvirki slíkrar vöktunar, að framleiðendur fôðurblandna séu skuldbundnir til að láta lögbærum yfirvöldum í té öll skjöl er varða samsetningu fôðursins sem fyrirhugað er að setja í dreifingu.
- 10) Framkvæmdastjórnin mun, á grundvelli hagkvæmnisathugunar, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 31. desember 2002 ásamt viðeigandi tillögu um að útbúa jákvæða skrá þar sem tekið er tillit til niðurstaðna skýrslunnar.
- 11) Einnig er þörf á sérákvæðum um merkingu gæludýrafôðurs til að gera ráð fyrir sérkennum þessarar tegundar fôðurs.
- 12) Þar sem framvegis verður ekki hægt að tilgreina flokka fôðurefna í stað þess að tilgreina fôðurefnin sjálf þegar um er að ræða fôðurblandur fyrir búfé skal tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/357/EBE frá 13. júní 1991 um flokka fôðurefna, sem nota má í tengslum við merkingu fôðurblandna fyrir önnur dýr en gæludýr ⁽⁶⁾, felld úr gildi.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 120 E, 24.4.2001, bls. 178.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 140, 18.5.2000, bls. 12.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 4. október 2000 (Stjtið. EB C 178, 22.6.2001, bls. 177), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 2000 (Stjtið. EB C 36, 2.2.2001, bls. 35), og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. apríl 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. desember 2001 og ákvörðun ráðsins frá 19. desember 2001.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/16/EB (Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 36).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 265, 8.11.1995, bls. 17. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 1999/20/EB (Stjtið. EB L 80, 25.3.1999, bls. 20).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 193, 17.7.1991, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/67/EB (Stjtið. EB L 261, 24.9.1998, bls. 10).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun ráðsins 79/373/EBE:

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. mgr. 5. gr.:

a) í stað j-liðar komi eftirfarandi:

„j) tilvísunarnúmer lotu;“

b) eftirtalinn liður bætist við:

„k) ef um er að ræða fódurblöndur handa öðrum dýrum en gæludýrum, ábendingin „hægt er að nálgast upplýsingar um nákvæman hundraðshluta, miðað við þyngd, af fódurefni, sem notað er í þetta fódur, hjá: ...“ (heiti eða viðskiptaheiti, heimilisfang eða skráð skrif-stofa, símanúmer og tölvupóstfang þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum sem um getur í þessari málsgrein). Þessar upplýsingar skulu veittar að beiðni viðskiptavinarins.“

2. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 3. mgr. 5. gr.:

a) c-liður falli brott;

b) g-liður falli brott.

3. Í stað d-liðar 5. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„d) lágmarksgeymsluþol, nettómagn, tilvísunarnúmer lotu og viðurkenningar- eða skráningarnúmerið má setja fyrir utan reitinn sem ætlaður er undir upplýsingarnar sem vísað er til í 1. mgr. Í því tilviki skal þessum upplýsingum fylgja ábending um hvar upplýsingarnar er að finna.“

4. Í stað 5. gr. c komi eftirfarandi:

„5. gr. c

1. Öll fódurefni, sem notuð eru í fódurblönduna, skulu tilgreind undir sérheiti sínu.

2. Fódurefnin skulu tilgreind samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) fódurblöndur handa dýrum, öðrum en gæludýrum:

i) fódurefnin skulu tilgreind ásamt hundraðshluta, miðað við þyngd, í fódurblöndunni í röð eftir minnkandi þyngd;

ii) að því er varðar framangreinda hundraðshluta skal leyfa vikmörk sem nema $\pm 15\%$ af gildinu sem gefið er upp;

b) fódurblöndur handa gæludýrum: fódurefnin skulu tilgreind annaðhvort eftir magni eða í röð eftir minnkandi þyngd þeirra.

3. Ef um er að ræða fódurblöndur handa gæludýrum má heiti flokksins, sem fódurefnið tilheyrir, koma í stað sérheitis fódurefnisins með tilvísun í flokkana sem

komið var á fót í samræmi við 10. gr. a og sem hver um sig tekur til margra fódurefna.

Ef önnur þessara tveggja tilgreiningaraðferða er notuð útilokar það hina nema þegar eitt fódurefnanna, sem notað er, tilheyrir engum skilgreindum flokki. Í slíku tilviki skal nefna fódurefnið með sérheiti sínu í röð eftir minnkandi þyngd miðað við flokkana.

4. Við merkingu fódurblandna handa gæludýrum er einnig heimilt að vekja athygli, með sérstakri ábendingu, á tilvist eða litlu magni eins eða fleiri fódurefna sem eru nauðsynlegir þættir til að lýsa fóðri. Í slíkum tilvikum skal setja skýrt fram lágmarks- eða hámarksinnihald í hundraðshlutum eftir þyngd, annaðhvort hjá ábendingunni, þannig að sérstök athygli sé vakin á fódurefni/-efnunum, eða í tilgreiningu fódurefna eða með því að nefna fódurefnið/-efnin og hundraðshluta þess/þeirra eftir þyngd hjá viðkomandi fódurefnaflokki.“

5. Eftirfarandi undirgrein bætist við 12. gr.:

„Þau skulu mæla fyrir um að framleiðendur fódurblandna séu skuldbundnir að láta yfirvöldum, sem bera ábyrgð á því að fram fari opinbert eftirlit, í té öll skjöl, fari þau þess á leit, er varða samsetningu fódursins sem fyrirhugað er að setja í dreifingu og gera kleift að sannprófa hvort upplýsingarnar, sem fram koma á merkimiða, séu réttar.“

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„15. gr. a

Í síðasta lagi 6. nóvember 2006 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, á grundvelli upplýsinga sem henni berast frá aðildarríkjunum, varðandi framkvæmd ráðstafananna sem innleiddar voru með 5. gr. (j- og l-lið 1. mgr. og d-lið 5. mgr.), 5. gr. c og 12. gr. (annarri undirgrein) einkum að því er varðar tilgreiningu á magni í hundraðshlutum, miðað við þyngd af fódurefnum, í merkingu fódurblandna, þ.m.t. leyfileg vikmörk ásamt hvers kyns tilögum sem ætlað er að bæta þessar ráðstafanir.“

2. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/357/EBE falli úr gildi 6. nóvember 2003.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 6. mars 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 6. nóvember 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Gjört í Brussel 28. janúar 2002.

4. gr.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

P. COX

J. PIQUÉ I CAMPS

forseti.

forseti.